


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 2		
Vöruhönnun HÖNN3VS05		
Námsáætlun Vor 2017		

Kennari	Helga Björg Jónasardóttir	HBJ	Viðtalstími Miðv. kl. 10:40-11:20
----------------	---------------------------	------------	-----------------------------------



Áfangalýsing:

Kynntar eru hinar ýmsu hliðar vöruhönnunar og farið í hvernig hönnunarferli er unnið, frá rannsókn, í gegnum greiningu, hugmyndavinnu og tæknilegar útfærslur, að endanlegri vöru. Nemendur munu læra að skrá allt ferli vinnu sinnar, smíða mismunandi tegundir móðela og kynna því hvernig æskilegt er að setja fram og kynna sínar tillögur að vörum. Lögð er áhersla á að virkja sköpunargáfu nemandans og að nemandinn öðlist færni í að vinna og prófa eigin hugmyndir. Nemendur kynna möguleikum fablab smíðju sem verið er að opna í skólanum.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig vörur verða til, bæði hugmyndafræðilega og framleiðslulega
- þeirri vinnu sem er á bakvið hverja hannaða vöru
- hversu miklu máli skiptir að byggja hönnun sína á vel gerðri forvinnu
- hversu mikilvægt er að vinna vinnuna sína vel og hafa augu og eyru opin
- úr hvaða efnum og með hvaða aðferðum væri mögulegt og/eða æskilegt að framleiða þeirra eigin hönnun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota fjölbreyttar leiðir til að afla upplýsinga í rannsóknarvinnu
- beita gagnrýninni hugsun við mat á eigin hugmyndum og annarra
- tala um sínar hugmyndir og hlusta á gagnrýni
- smíða módel af vörum með mismunandi aðferðum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- vinna úr eigin rannsóknnum og greina upplýsingar til að hanna vöru
- velja viðeigandi efni og módelsmíðaaðferð fyrir sína hönnun
- prófa nýjar og fleiri leiðir við að hugsa og afla sér upplýsinga

Áætlun um yfirferð:

Í byrjun annar munum við fara í ýmis styttri verkefni, (klukkstunda, dags, viku og tveggja-þriggja vikna verkefni) sem við tökum mislangt áfram. Kennslan verður í formi fyrirlestra, mynda og videosýninga, verkefni sett fyrir, þau útskýrð og rædd. Flestar kennslustundirnar eru verklegar, þar sem við leysum verkefni, rannsókum viðfangsefni, gerum tilraunir í höndunum, smíðum módel af þeim vörum sem hannaðar hafa verið o.s.frv. Þegar líður á önnina opnast aðgangur að tækjum FabLab (s.s. laserskera, þrívíddarprentara o.fl.) Hugsanlega verða tímar færðir utan stundarskrár, í samráði við nemendur, til að fyrir til að sinna verkefnum tengdum FabLab

Í lok annar gerir hver nemandi stærra verkefni, sitt lokaverkefni í áfanganum, sem endar með smíði prótótýpu af hannaðri vöru, ásamt viðeigandi kynningarefni, sýnt á lítilli sýningu í lok annar.

Farið verður fram á að þið vinnið einnig utan kennslustunda í ykkar verkefnum, rannskið viðfangsefni ykkar og þróið hugmyndirnar áfram á milli kennslustunda.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Vöruhönnun HÖNN3VS05	
	Námsáætlun Vor 2017	

Námsgögn:

Sköpunargáfa nemendanna í bland við tækni, fræði og aðferðir sem sýndar verða og kenndar í tímum. Nemendur skulu halda skissubók eða halda utan um skissur, rannsókn og hugmyndavinnu í möppu. Ítarefni frá kennara og á Moodle

Símar: velkomnir til náms en annars ekki.

Innkaup:

Skissubók helst A4 eða stærri.

Mögulega verður þörf á að þið kaupíð eða komið með að heiman eitthvað hráefni, allt eftir því hvernig ykkar eigin verkefni þróast, en ýmislegt er til nú þegar einhversstaðar innan veggja skólans. Þið munuð að mestu leyti sjálf þurfa að að leita og spyrja eftir því.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Æfingar	Minni verkefni (hugmynd, útfærsla, framsetning) 5-10% hvert		30%
Hönnun og ferli	Hönnun byggð á rannsókn og hönnunarferli,		15%
Lokaverk	Lokaverkefni (hugmynd, útfærsla, framsetning)		20%
Framlag	Ástundun – Afköst – Vandvirkni		10%
Frumkvæði	Frumkvæði – Leitandi hugsun – Jákvæðni		10%
Vinnubók	Vinnubók (skissubók, dagbók, mappa)		10%
sjálfsmat	Sjálfsmat nemanda unnið á kennslutíma		5%
		Samtals:	100%

Opið hús á listnámsbraut 4. maí. Nemendur í vöruhönnun setja upp sýningu á verkum sínum.

Verkefni skulu sótt 18. maí kl 10-13 eða síðar en fyrir sumarfrí.

Með fyrirvara um breytingar

Dagsetning: 9. jan 2017



Helgaþórunn Jónsdóttir
Undirritun kenndara

Sigrún Þ. Jónsdóttir
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils